

Borgarbyggð  
Þóra Júlíusdóttir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 16. maí 2022  
UST202205-092/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting - Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Víðines**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 fyrir Víðines.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að fella út frístundasvæðið F51 úr skipulagi og skilgreina íbúarðsvæði Í8 í stað þess. Auk þess kemur fram að nýtingarhlutfall lóða er 0,1 þar sem heimilað byggingarmagn er 350 m<sup>2</sup> á hverri lóð, þar sem leyfilegt er að byggja íbúðahús, ásamt aukahúsi og/eða bílskúr. Skipulagssvæðið er um 10 ha.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hversu margar lóðir eru leyfðar á svæðinu.

### **Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir**

Þar sem að fyrirhuguð breyting nær til svæðisins sem er hverfisverndað, á náttúruminjaskrá og fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013, bendir stofnunin á mikilvægi þess að það komi fram í lýsingunni og tillögunni hvernig breytingartillagan samræmis verndarmarkmiðum og ákvæðum náttúruverndarlaga, landsskipulagstefnu 2015-2026 og aðalskipulagi sveitarfélagsins.

### **Verndarsvæði**

Í greinargerð kemur fram að frekari raskanir á umhverfinu við breytingu frístundabyggðar í íbúðarbyggð eru væntanlega lítilsháttar, eins og t.d. stækkun húsa og/eða bygginga nýrra húsa á auðum lóðum og aðkomuvegir inn á lóðum.

Hraunjaðrinum á svæðinu hefur þegar verið raskað með vegagerð og byggingum.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir sérstaka vernd, b. lið 1. mgr. 61. gr., laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.



## UMHVERFIS

### STOFNUN

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunisns frekar sbr. 61. gr. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*